



André Bachmann Sigurðsson
Hábergi 20
111 Reykjavík

Bæjarskrifst. Garðabæjar	
Mótt.dags.	11.09.19
Málalykill	00.10.1
Mál nr.	1909169

Reykjavík, 6. september 2019

Ráðhús Garðabæjar
Gunnar Einarsson bæjarstjóri
Garðatorgi 1
210 Garðabær

Í meira en þrjá áratugi hef ég staðið fyrir jólahátíð fyrir fatlaða í fyrri hluta desembermánaðar ár hvert. Í ár verður þrítugasta og sjöunda jólahátíðin haldin þann **4. desember nk. á Hótel Hilton** í Reykjavík. Þessar samkomur hafa unnið sér sess í samfélaginu sem ómissandi þáttur í undirbúningi á jólahaldi fyrir fatlaða.

Á þessum samkomum koma fram margir af fremstu söngvurum, tónlistarmönnum og skemmtikröftum landsins. Allir þessir aðilar koma fram og taka þátt í þessari jólagleði án þess að taka neitt fyrir framlag sitt. Uppsæra þessa hátíðarhalds hefur verið gríðarlega ánægja og gleði þessa hóps sem fer venjulega á mis við svo margt sem við teljum vera eðlilegt að allir njóti í nútímasamfélagi.

En þó ekki þurfi að greiða flytjendum og stjórnendum laun þá fellur iðulega til margvíslegur kostnaður, svo sem hönnun á plakati, auglýsingar, heimildamyndataka, tækjaleiga, ásamt tæknimönnum, og annar kostnaður. Af þeim ástæðum bið ég góðfúslega fyrirteki þitt að styrkja jólahátíðina með t.d. 250.000 kr. framlagi.

Reikningur jólahátíðarinnar í Íslandsbanka er:
Líknarfélagið Von: 0516 – 26 – 506611; Kt.: 506611-1700.

Með kveðju og fyrirfram þökk,

André Bachmann Sigurðsson

s. 897 2250

Skjal sótt af '00000000000' dags: 25.03 2026